

## Minnisblað - Málsmeðferð 2022110030

### Samningur um rekstur upplýsingamiðstöðvar ferðamála á Þingeyri 2023

Á 1218. fundi bæjarráðs, þann 7. nóvember 2022, var lagt fram erindi Jónínu H. Símonardóttur, dags. 15. september 2022, þar sem óskað var endurnýjunar samnings við Koltru um rekstur upplýsingamiðstöðvar á Þingeyri, en síðasti samningur rann út í lok árs 2022. Var hann að fjárhæð kr. 750.000, en óskað var hækkunar. Var jafnframt horft til þess að taka afstöðu til endurnýjunar leigusamnings Koltru á Salthúsinu á Þingeyri, en sá samningur rann jafnframt út 31. desember 2022. Bæjarráð vísar málinu til umsagnar í menningarmálanefnd.

Menningarmálanefnd tók málið fyrir á 166. fundi sínum, þann 30. nóvember 2022, og bókaði eftirfarandi umsögn til bæjarráðs:

*"Nefndin telur að forsendur fyrir rekstri upplýsingamiðstöðva almennt í þeirri mynd sem þær hafa verið reknar séu ekki lengur fyrir hendi, m.a. með tilkomu stafrænnar tækni og aukinnar netvæðingar. Nefndin leggur því til við bæjarráð að ekki verði um endurnýjum samnings að ræða varðandi rekstur upplýsingamiðstöðvarinnar á Þingeyri. Aftur á móti telur nefndin að endurnýja megi leigusamning Salthússins við handverkshópinn Koltru, annað hvort með núverandi fjárhæð eða lækkaðri."*

Bæjarráð tók málið aftur fyrir á 1222. fundi sínum, þann 5. desember 2022, og bókaði eftirfarandi:

*"Bæjarráð tekur undir afstöðu menningarmálanefndar um að ekki verði endurnýjaður samningur um rekstur upplýsingamiðstöðvar ferðamála á Þingeyri, en felur bæjarstjóra að endurnýja leigusamning við Koltru um aðstöðu í Salthúsinu á Þingeyri til næstu þriggja ára, þó með lægri leigu, og leggja fram til samþykktar í bæjarstjórn."*

Í kjölfar þess lýsti Koltra yfir óánægju með ákvörðunina og óskaði eftir fundi með bæjarstjóra. Í kjölfar fundarins sendi Koltra inn erindi þar sem óskað var endurskoðunar á ákvörðuninni, ásamt frekari rökstuðningi fyrir þörf á rekstri upplýsingamiðstöðvar á Þingeyri. Var erindið lagt fram, auk minnisblaðs Bryndísar Óskar Jónsdóttur, sviðsstjóra, dags. 24. febrúar 2023, um málið.

Bæjarráð tók málið aftur fyrir á 1232. fundi sínum þann 27. febrúar 2023, þar sem bókað var að bæjarráð féllist á að gerður yrði samningur vegna sumarsins 2023, að fjárhæð kr. 500.000, og í samræmi við minnisblað sviðsstjóra, en að málið yrði endurskoðað að nýju við fjárhagsáætlunargerð 2024-2027. Bæjarráð felur bæjarstjóra að gera samning við Koltru vegna málsins.

Er minnisblað þetta til kynningar fyrir menningarmálanefnd, um málsmeðferðina.